

# Starfsskýrsla Hestamannafélagsins Hendingar. Árið 2025

Aðalfundur Hestamannafélagsins Hendingar fyrir árið 2025 var ekki haldinn og sat því stjórn fyrra árs allt síðastliðið starfsár. Stjórn félagsins skipuðu Marinó Hákonarson form. Bryndís Ásta Byrgisdóttir gjaldkeri. Ólafía Þorsteinsdóttir ritari. Mimmo Iivonen Árnason og Þórdís Björnsdóttir meðstjórnendur. Í varastjórn voru kjörnar Auður Björnsdóttir og Fanney Jónsdóttir. Haldnir voru 2. Stjórnarfundir á árinu.

## Fræðslumál.

Haldin voru 3, námskeið í reiðmennsku fyrir börn og fullorðna, þar sem ungir og gamlir rifjuðu upp og, eða lærðu nýjar aðferðir við að auka færni sína og þekkingu í reiðlist og meðhöndlun á árangursríkum tamninga aðferðum. Námskeiðin voru vel sótt og nær 40 manns mættu til leiks og sumir oftari en einu sinni.

## Keppismál.

Engin keppni í reiðmennsku fór fram á vestfjörðum á liðnu ári þar sem félagar okkar í Stormi höfðu ekki tók á að halda mót á Söndum eins og hefð hefur verið fyrir síðastliðin rúm 40 ár. Aðstaða Hendingar er ekki til staðar eins og flestum er kunnugt um og ekki er mikil von í þeim efnum ef treysta þarf á aðkomu Ísafjarðarbæjar að því máli. Þó áttum við keppenda á Fjórðungsmóti Vesturlands og varð hann að keppa í úrtöku í Borganesi til að hljóta keppnisrétt.

## Félagsmál.

Nokkur deyfð hefur verið yfir starfi Hendingar á liðnu starfsári. Preyta og vonbrygði hafa einkennt margt í starfinu og má þar gera mikið betur. Þó var mætt á 17 júní og teynt undir börnum á 6 hestum í rúman 1 og hálfan tíma og reiknast okkur til að nær 300 börn hafi fengið að fara á hestbak. Félagsmenn Hendingar tóku þátt í svokölluðum karla og kvennareiðum sem frábærir einstaklingar hafa staðið fyrir í mörg ár og skemmtu sér hið besta. Formaður Hendingar hefur setið nokkra fundi um íþróttamál að hálfu Ísafjarðarbæjar og formannafundi H.S.V. auk þess að sækja Ársþing Landssambands Hestamanna. Þátttaka í kjöri á Íþróttamanni Ísafjarðarbæjar féll niður á Starfsárinu.

Framkvæmdir.

Unnið var eins og undangengin ár við viðhald og gerð reiðvega. Áfram var unnið við að ljúka gerð reiðhallarinnar við raflagnir og smíði á flóttaleiðum, og enn er þar nokkuð í land. Vallarframkvæmdir hafa legið niðri enda enginn vilji hjá Ísafjarðarbæ að standa við gerða samninga þar að lútandi. Vallarsvæðið var grafið upp á árinu 2021 og hefur staðið óhreift síðan. Börnum og skepnum getur stafað hættu af stöðunni eins og hún er í dag. Hestamannafélagið Hending ber enga ábyrð á þessu mannvirki sem er í eigu Ísafjarðarbæjar þarna á svæðinu.

Fyrir hönd Hestamannafélagsins Hendingar Marinó Hákonarson form.